

ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Ómar Einarsson

Reykjavík 18. desember 2018


Efni: Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda

Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda var haldið í fyrsta skipti árið 1948 í Stokkhólmi. Eftir það hefur mótið verið haldið ár hvert til skiptis í Helsinki, Oslo, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Reykjavík var fyrst boðið að taka þátt í mótinu árið 2007 og hefur verið þátttakandi síðan þá. Árið 2011 var Reykjavík í fyrsta sinn gestgjafi mótsins. Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) hafði veg og vanda að skipulagningu og framkvæmd mótsins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Markmið mótsins er að sameina grunnskólanemendur á Norðurlöndum í gegnum íþróttirnar og rækta þannig norrænan frændskap. Fyrir utan íþróttakeppnina sjálfa er lögð áhersla á að ungmennin kynnist hvert öðru sem, sögu landsins sem er heimsótt og venjum þess.

Fyrir hverja höfuðborg keppa 41 nemandi, 14 ára og yngri; 15 drengir í knattspyrnu, 10 stúlkur í handknattleik, 8 stúlkur í frjálsum íþróttum og 8 drengir í frjálsum íþróttum. Með hópnum fylgja svo fjórir fullorðnir þjálfarar og tveir fararstjórar. Val á keppendum fer fram í samráði við grunnskólana og íþróttafélögin í Reykjavík.

Næsta grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda fer fram í Stokkhólmi dagana 19. maí -24.maí 2019. Kostnaður við mótið liggur aðallega í flugfargjaldi fyrir Reykvíkska liðið en gestgjafinn sér um kostnað varðandi gistingu, fæði og rútuferðir. Auk þess liggur kostnaður í búningakaupum og undirbúningsvinnu vegna val á liði fyrir hverja íþróttarein og æfingar sem fara fram á tímabilinu nóvember 2018 til maí 2019.



ÍþRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Fjárhagsáætlun

Áætlaður kostnaður er eftirfarandi:

Laun og dagpeningar 4 þjálfara (undirbúningur og mótt)	750.000 kr.
Laun og dagpeningar 2 fararstjóra (undirbúningur og mótt)	650.000 kr.
Ferðakostnaður (47 manns)	1.700.000 kr.
Rúta til og frá flugvelli	130.000 kr.
Gjafir	25.000 kr.
Sjúkravörur	25.000 kr.
Fatnaður hópsins m/merkingu	500.000 kr.
Samtals	3.780.000 kr.

Hér með er óskað eftir styrk til að standa straum af kostnaði við þátttöku í mótinu.

Með kveðju,

f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Frímann Ari Ferdinandsson